

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátiðargjöf Norðmanna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Þjóðhátiðargjöf Norðmanna.

Stofnfé sjóðsins er gjöf frá norsku þjóðinni í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi. Forsætisráðuneytið hefur í samráði við ríkisstjórnina sett sjóðnum eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 1 000 000.00 — ein milljón norskra króna — sem norska stórþingið samþykkti að gefa Íslendingum, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárupphæðum, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Noregi undir umsjá íslenska sendiráðsins þar og ávaxtað á hæslu leyfilegum vöxtum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda Íslendingum að ferðast til Noregs. Í þessu skyni skal veita viðurkenndum félögum, samtökum, og skipulögðum hópum ferðastyrki til Noregs í því skyni að efla samskipti þjóðanna t. d. með þáttöku í mótum, ráðstefnum, eða kynnisferðum, sem efnt er til á tvíhliða grundvelli. Ekki skal úthlutað ferðastyrkjum til einstaklinga, eða þeirra sem eru styrkhæfir af öðrum aðilum.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársskýrsla sjóðstjórnar afhent forsætisráðuneytinu fyrir 1. febrúar hvert ár.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal standa óskertur, en vaxtatekjum hans skal ráðstafað árlega til að stuðla að tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum er sjóðstjórn ákveður. Úthlutun ferðastyrkjanna skal fara fram árlega. Lögð skal áhersla á að veita styrki sem renna til beins ferðakostnaðar, en umsækjendur beri sjálfir dvalarkostnað í Noregi.

7. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn; sendiherra Noregs á Íslandi skal sjálfskipaður, en tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af forsætisráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Láti stjórnarmaður af störfum fyrir lok starfstímabils skal strax skipa annan mann í hans stað er sitji út skipunartímann. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum hóp.

8. gr.

Forsætisráðuneytið sér um ritara- og skrifstofustörf sjóðsins samkvæmt nánara samkomulagi milli ráðuneytisins og sjóðstjórnar.

9. gr.

Kostnaður vegna starfa stjórnar er greiddur úr sjóðnum.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur setur stjórnin sér starfsreglur er hafa að geyma nánari fyriræli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta í samráði við forsætisráðuneytið.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 280.

2. júní 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975:

5 × 5 lbs. í skel garndreginn.

7—9	\$ 5.40	pr. lb.	Cif.	U.S.A.
9—12	\$ 5.13	—	—	—
12—15	\$ 4.86	—	—	—
15—18	\$ 4.19	—	—	—
18—24	\$ 3.69	—	—	—
24—30	\$ 3.24	—	—	—
30—45	\$ 2.70	—	—	—

5 × 3 kg. í skel með görn.

7—15	Lire 2 300	pr. lb.	Cif.	Milano.
10—20	— 2 300	—	—	—
15—30	— 1 710	—	—	—
20—35	— 1 710	—	—	—
30—40	— 1 250	—	—	—
30—45	— 1 250	—	—	—
35—60	— 975	—	—	—
45—60	— 975	—	—	—

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadóllar (§ 1 = 151.20) og Lírur (Lír. 100 = 24.24) 23. maí 1975.

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.